

Fundargerð

5. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 9. maí 2005 kl. 10-12

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkhart Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Jón Viðar Jónmundsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson.

Fjarverandi: Ævar Petersen

1. Samþykkt dagskrár

Formaður kynnti dagskrá sem send hafði verið út og bað Emmu að rita fundargerð.

2. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir frá 4. fundi og aukafundi 31. ágúst 2004 voru samþykktar.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Formaður gerði grein fyrir framgangi mála og lagði fram yfirlit þar um. Greiddir voru styrkir í samræmi við afgreiðslu nefndarinnar á umsóknum 2004 (fyrrri greiðslur) og auk þess lokagreiðslur vegna tveggja verkefna. Stofnverndarframlag til geitfjárræktar fyrir árið 2004 nam kr. 1200 þús. Reglugerð um nr. 151/2005 um störf erfðanefndar var samþykkt í landbúnaðarráðuneytinu í janúar 2005. Formaður ritaði bréf til Lbr. vegna forsjár með erfðaeftni hjá Norræna genbankanum (NGB). Skýrsla um störf nefndarinnar 2004 hefur verið send til landbúnaðarráðuneytis.

4. Uppgjör síðasta árs og starfsáætlun 2005

Formaður lagði fram yfirlit um fjármál nefndarinnar 2004 og áætlun um ráðstöfun fjármuna 2005. Heildarútgjöld ársins voru kr. 3.667 þús. og stærstu útgjaldaliðir ársins eru stofnverndarframlag vegna geitastofnsins (1200 þús.), styrkir til einstakra verkefna (1945 þús.) og gerð kynningarbæklings (336 þús.). Tillaga frá formanni um ráðstöfun fjármuna felur í sér að varið verði kr. 2.500 þús til nýrra styrkverkefna og kr. 600 þús vegna vinnu við gerð þriggja ára starfsáætlunar fyrir nefndina. Tillagan var samþykkt.

5. Umsóknir um styrki

Alls bárust 11 umsóknir um styrki til erfðanefndar og voru styrkbeiðnir samtals að upphæð kr. 6.510 þús.. Nefndin fór yfir umsóknirnar og ákveðið var að styrkja eftirfarandi fimm verkefni:

Titill	Umsækjandi	Upphæð (þús. kr.)
Viðhald á berjarunnum	Ásdís Helga Bjarnadóttir	200
Erfðabreytileiki íslenska fjárhundsins	Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir	610
Genbanki fyrir íslenskt sauðfé ¹⁾	Sveinn Sigurmundsson	350
Erfðabreytileiki mjólkurpróteina hjá íslensku geitinni ²⁾	Bragi L. Ólafsson	700
Rannsókn á erfðasamsetningu urriða í Öxará og Myrkravatni	Sigurður Guðjónsson	700
Samtals		2.560

1) Jón V. Jónmundsson tók ekki þátt í umræðum og afgreiðslu.

2) Emma Eypórsdóttir tók ekki þátt í umræðum og afgreiðslu.

Aðrar umsóknir féllu ekki að verksviði nefndarinnar eða viku í forgangsröð. Umsókn frá Bændasamtökum Íslands um útgáfu veggspjalds um íslenska hesta fékk jákvæðar undirtektir en ákveðið var að óska eftir nánari gögnum og nýrri umsókn.

6. Alþjóðlegt samstarf

Nefndarmenn skýrðu frá þátttöku sinni í norrænu og alþjóðlegu samstarfi varðandi erfðaaúðlindir í landbúnaði.

- Emma Eypórsdóttir sagði frá málþingi á vegum NGH í samvinnu við norska landbúnaðarráðuneytið, um landbúnað og búsetulandslag, sem haldið var í Harðangursfirði í Noregi.
- Aðalsteinn Sigurgeirsson skýrði fundi í EUFORGEN sem haldinn var á Kýpur.
- Áslaug Helgadóttir skýrði frá sameiginlegum fundi stjórna NGB og NGH sem haldinn var í febrúar 2005. Hugmyndir eru uppi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um breytingar á skipulagi genbankanna en engar ákvarðanir liggja fyrir.

7. Önnur mál

Rætt var um stefnumörkun umhverfisráðuneytis varðandi verndun líffræðilegs fjölbreytileika og mögulega aðkomu erfðanefndar að því starfi. Fulltrúi landbúnaðarráðuneytis á sæti í undirbúningsnefnd og var ákveðið að beina tilmælum til hans um samráð varðandi stefnumótun.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður á haustdögum.